

### Staðsetningar strætóstöðva á Kjalarnesi í tengslum við breytingar á leiðarkerfi Strætó

Óskað er heimildar skipulags- og samgönguráðs til að vinna áfram að útfærslu á þremur strætóstöðvum á Kjalarnesi í tengslum við breytingar á leiðarkerfi Strætó og breikkun Vesturlandsvegur.

Lagt er til að útbúnar verði 3 nýjar stöðvar í stað þeirra á Vallargrund sem Strætó hyggst hætta að þjónusta. Breytingar á þjónustu Strætó eru tengdar við breikkun Vesturlandsvegur, en stefnt er að því að áætlunarleið stöðvi við nýja stöð á Vallargrund við Olís og að útbúnar verði 2 strætóstöðvar sem þjónustaðar væru af pöntunum.



Mynd 1 - Lagt er til að stöð við gulan punkt verði þjónustuð af áætlunarleið Strætó, en stöðvar við rauðu punktana verði þjónustaðar eftir pöntun.

Við Vallargrund er lagt til að gerð verði ný strætóstöð vestan tengivegs af Vallargrund á Brautarholtsveg, við Olís, ásamt gangstéttartengingu við stígakerfið nær því sem nú er strætóstöð. Tillaga að staðsetningu stöðvarinnar auðveldar Strætó að komast af og aftur á Vesturlandsveg eftir fækkun gatnamóta. Tillaga að staðsetningu er ekki fjarri núverandi stöð við Olís og myndi því ekki hafa teljandi áhrif á gönguleiðir að- og frá stöðinni. Kostur staðsetningarinnar er að íbúar þurfa ekki að fara yfir Vallargrund á leið sinni milli biðstöðvar og heimilis.



Mynd 2 - Tillaga að strætóstöð fyrir áætlunarleið við Vallargrund



# Reykjavík


Umhverfis- og skipulagssvið

Á Hofsgrund við hringtorg að Jörfagrund og Esjugrund er lagt til að útbúin verði strætóstöð fyrir pöntunarþjónustu. Lagt er til að stöðin verði sunnan götunnar, þ.e. við akrein í átt að Vesturlandsvegi. Tillaga að staðsetningu stöðvarinnar er innan 400 metra radíus frá öllu íbúðarhúsnæði Grundarhverfis og er staðsett þar sem aðkoma Strætó er auðveld bæði til og frá Vesturlandsvegi.



Mynd 3 - Tillaga að staðsetningu strætóstöðvar við Hofsgrund, sunnan götunnar við hringtorg að Jörfagrund og Esjugrund.

Við Klébergsskóla er lagt til að útbúin verði strætóstöð fyrir pöntunarþjónustu. Skólinn er staðsettur sunnan við hverfið og í um 600 m fjarlægð frá tillögu að staðsetningu strætóstöðvar við Hofsgrund. Strætóstöðin yrði staðsett í snúningsás næst skólanum og kallar ekki á uppbyggingu innviða umfram upplýsingatöflu.



Mynd 4 - Tillaga að staðsetningu strætóstöðvar við Klébergsskóla.

Óskað var eftir umsögn íbúaráðs

Kjalarness, og í umsögninni fram kom að tekið var undir með tillögum um staðsetningar strætóstöðvar með áætlunar leið við Vallargrund og í pöntunarþjónustu við Hofsgrund og Klébergsskóla. Umfram það var lagt til að áætlunarleið þjónusti strætóstöðvar í nágrenni Klébergsskóla og dreifbýlið á Kjalarnesi á tveimur stöðum. Þær tillögur eru af þeirri stærðargráðu að skoða þarf þær í víðara samhengi.

f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur

